

1869.

7. oktbr.

**84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um verzlun lausakaupmanna.**

Í skjali nokkru, er hingað hefir borizt beina leið og fylgir í eptirriti með bréfi þessu, hefir C. D. Tulinius, kaupmaður á Eskifirði, beiðzt vísbendingar frá dómsmálastjórninni um, hvort að eigi að reikna fjögurra vikna tíma þann, sem 3. grein í lögum 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, smbr. 10. grein í opnu bréfi 28. desembermán. 1836 um hina íslenzku verzlun og siglingar, mælir fyrir um, að lausakaupmönnum sé leyfilegt að verzla við landsmenn af skipi — þannig, að lausakaupmenn megi ekki liggja lengur en 4 vikur við sama kauptún, hvort sem þeir reka kaupskap eður ekki, eða þeir megi liggja við sama kauptún án nokkurrar takmörkunar, lívað tímalengdina snertir, ef að þeir að eins verzla ekki lengur en 4 vikur við landsbúa, og, ef svo er, hvort yfirvöldin eigi þá að hafa umsjón með því.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að það er álit dómsmálastjórnarinnar, að ákvörðunin, sem getið er um að framan, í lögnum 15. aprílmán. 1854, hafi gjört þá breytingu á hinum fyrri reglum um þann tíma, er lausakaupmenn mega liggja um kyrt, að lausakaupmönnum nú sé frjálst að liggja við sama kauptúnið eins lengi og þeir vilja sjálfir, en að það sé einungis réttur þeirra að verzla við landsbúa, sem er bundinn við fjögurra vikna tíma. Annars er það vitaskuld, að það er skylda yfirvaldanna að sjá um, að verzlunarlögnum sé hlýðt eins í þessu efni eins og að öðru leyti.

27. oktbr.

**85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skýrslur um skipreika og skipasölu.**

. . . . .  
 . . . . .

Við sama tækifæri eruð þér, samkvæmt tilmælum aðal-skattastjórnarinnar, beðnir að senda hingað skýrslu handa aðal-skipamælinga- og skrásetningarskrifstofunni hér í borginni um það, er dönsk skip brotna eða farast á annan hátt í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir, eða þau eru seld þar Íslendingum eða til útlanda.

1869.  
27. oktbr.

**86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.** 12. nóvbr.

Í bræfi dagsettu 13. ágústmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, borið undir dómsmálastjórnina til úrslita ágreining, sem orðið hefir milli sýslumannsins í Norðurmúlasýslu og sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um það, í hvaða hrepp drengirnir Guðmundur og Arnbjörn Arnbjarnarsynir, sem eru getnir í lögmatu hjónabandi, sè sveitlægir.

Upplýsingar þær, sem fram eru komnar í málinu, bera með sèr, að faðir barna þessara, Arnbjörn Sigmundarson, átti, þegar hann sálaðist í júnímánudi 1860, framfærslurétt á Breiðdals hrepp í Suðurmúlasýslu, og að móðir þeirra, Guðný Erlendsdóttir, giptist aptur í októbermánuði 1865 Birni Einarssyni, vinnumanni, sem á sveit á Seyðisfjarðar hrepp í Norðurmúlasýslu, og þar var tekið við honum til framfærslu árið 1867, ásamt konu hans og börnum hennar úr fyrra hjónabandi. En nú, er Guðný Erlendsdóttir er sáluð, hefir orðið ágreiningur um, hvort framfærsluhreppur stjúpföðursins, þar sem móðirin þessvegna einnig var sveitlæg, þegar hún dó, eigi framvegis að færa tæð börn fram, þangað til að þau eru orðin fullra 16 ára, eða hvort sveit sú, þar sem faðir þeirra átti framfærslurétt, þegar hann dó, eigi að taka við þeim til framfærslu.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjöríð það, að með því að ekki er nein ákvörðun í íslenskum lögum um, að stjúpföðurnum